

**Nd.**

**780. Nefndarálit**

[289. mál]

um frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Það er ánægjulegt að frumvarp til laga um Landmælingar Íslands skuli nú komið fram og vera til umfjöllunar á Alþingi. Allir eru sammála um að nauðsynlegt sé fyrir stofnunina að fá lögfestingu á hlutverki sínu og starfssviði.

Nefndin hefur haft málið til umfjöllunar á nokkrum fundum. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með ákveðnum breytingum. Minni hl. er samþykkur þeim breytingartillögum en leggur auk þess til að allveigamiklar breytingar verði gerðar á stjórnarfyrrirkomulagi stofnunarinnar. Minni hl. flytur um þetta breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Þær breytingar miða að því að í stað þess að stofnuninni verði einvörðungu stýrt af forstjóra sem ráðherra skipar verði stofnuninni sett stjórn sem fari með yfirstjórn Landmælinga Íslands og gegni þýðingarmiklu hlutverki sem samræmingaraðili á sviði landmælinga.

Þá er að mati minni hl. nauðsynlegt að landmælingastjórn fái ákveðið og lögboðið hlutverk til að gefa út reglur og setja staðla á sviði landmælinga, svo og að fylgjast með því að slíkum reglum sé framfylgt.

Fjölmarginir aðilar í landinu hafa á sínum snærum starfsemi sem á einn eða annan hátt tengjast landmælingum og jafnframt er ljóst að mikið verk er óunnið við að koma á samræmi í vinnubrögðum og heildarskipulagi á þessi mál. M. a. með þetta í huga telur minni hl. alveg nauðsynlegt að stjórn stofnunarinnar verði hagað þannig að líklegt sé að auðveldi gott samstarf þeirra fjölmörgu aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Í frumvarpi til laga um Landmælingar Íslands, er lagt var fram á 100. löggjafarþingi 1978, er veruleg áhersla lögð á þetta samræmingarhlutverk landmælingastjórnar. Í 3. gr. þess frumvarps sagði á þessa leið:

„Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra, sem vinna að landmælingum. Landmælingastjórn gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdráttu, samræmt hnitakerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað, er að þessu lýtur.

Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi, sem kann að koma upp varðandi samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis varðandi landmælingamálefni.“

Og 4. gr. frumvarpsins hljóðaði svo:

„Samgönguráðherra skipar landmælingastjórn til fjögurra ára í senn 9 mönnum samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Búnaðarfélags Íslands, Dómarafélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Orkustofnunar, Rannsóknaráðs ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga, Vegagerðar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands.

Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Forstöðumaður Landmælinga Íslands situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.“

Í athugasemdum við frumvarpið sagði svo um 3. grein:

„Með ákvæðum um landmælingastjórn á að tryggja það samstarf á milli aðila, er vinna að landmælinga- og kortagerð, og þá samræmingu á landmælingastörfum, sem lýst er að

framan. Ætla má, að með slíkri stjórn kæmu saman fulltrúar þeirra aðila, sem mest þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, og næðist þannig að samræma sjónarmið þeirra og fá yfirlit yfir þarfir þeirra fyrir landmælingar og kortagerð. Sömu aðilar ættu best með að gera tillögur um staðla á sviði landmælinga og samræmingu á öðrum tæknilegum hlutum, er þessi mál varða, svo og hvaða kröfur eigi að gera til landmælingamanna, til þess að þeir hljóti löggildingu. Að öðru leyti starfaði landmælingastjórn sem ráðgefandi nefnd, bæði fyrir samgönguráðuneytið og Landmælingar Íslands.

Hér er því ekki lagt til, að komið sé á fót nýrri ríkisstofnun, heldur sjái Landmælingar Íslands um framkvæmd á samþykktum landmælingastjórnar og veiti henni nauðsynlega starfsaðstöðu.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir verulegri breytingu á stöðu eða hlutverki Landmælinga Íslands sem stofnunar, frá því sem nú er í reynd, fyrir utan það, sem leiðir af samræmdum störfum þeirra, er að landmælingum vinna, en mikilvægt má telja fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.“

Það er skoðun minni hl. að ekkert hafi breyst sem réttlæti þá miklu kúvendingu sem orðið hefur í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, að því er stjórnarfyriðkomulag og hlutverk Landmælinga Íslands varðar. Því má bæta við að í umsögnum, sem bárust um frumvarpið, er bent á þetta atriði og töldu margir að eðlilegt væri að setja stofnuninni einhvers konar stjórn eða að við hana starfaði sérstök samráðsnefnd. Má í því sambandi benda á umsagnir Rannsóknaráðs ríkisins, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar háskólans og umsagnir mælingaverkfræðinga sem birtar eru sem fskj. með nál. þessu.

Þessu til viðbótar leggur minni hl. til að sett verði í lög skýrari ákvæði um efni reglugerðar, en leggur að öðru leyti til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali, og með breytingum meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 23. apríl 1985.

Steingrímur J. Sigfússon.

## Fylgiskjal I.

### UMSÖGN RANNSÓKNARÁÐS RÍKISINS

11. mars 1985.

Samgöngunefnd neðri deildar Alþingis,  
Alþingishúsinu,  
101 Reykjavík.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar neðri deildar Alþingis, dags. 14. febr. s. 1., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um Landmælingar Íslands, 289. mál. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs hefur fjallað um frumvarpið og samþykkt eftirfarandi umsögn:

„Framkvæmdanefndin fagnar því að loks er aftur komið fram frumvarp um Landmælingar Íslands. Er varla vansalaust hve lengi hefur dregist að leggja lagalegan grundvöll að starfsemi Landmælinga Íslands. Sú starfsemi er þó einn af mikilvægustu hornsteinum allra rannsókna á náttúru og eðli landsins.

Framkvæmdanefndin fagnar því einnig að með frumvarpi þessu eru verkefni Land-

mælinga skilgreind nokkurn veginn með eðlilegum hætti og er það mikil breyting til batnaðar frá því frumvarpi sem fram kom um þetta mál veturinn 1978—1979.

Framkvæmdanefndin vill þó gera athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins:

1. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn Landmælinga Íslands skuli vera í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til 5 ára í senn. Framkvæmdanefndin telur eðlilegt vegna samræmingarhlutverks Landmælinga og vegna nauðsynjar á stefnumótun í vali verkefna og starfsháttum að yfir stofnunina sé sett stjórn sem hafi faglega þekkingu á landmælingum og jafnframt þekki til sjónarmiða þeirra helstu opinberu stofnana sem þurfa á landmælingum að halda. Í þessu sambandi má benda á verkfræðideild Háskóla Íslands, Vegagerð ríkisins, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem eðlilega tilnefningaraðila, auk fulltrúa sem ráðherra skipar beint. Um hlutverk stjórnar mætti setja ákvæði í lögum og vísast í því efni til nýsettra laga um Hafrannsóknastofnun.

2. Í 3. gr. segir að ráðherra skuli ráða aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs leggur eindregið til að þetta verði fellt úr frumvarpinu en þess í stað verði ráðning annarra starfsmanna sett í vald forstjóra og stjórnar. Ráðherravald um ráðningu einstakra starfsmanna annarra en yfirmanna er óþarft og skaðlegt í starfsemi sjálfstæðra stofnana.

3. Í 5. gr. væri æskilegt að kveða skýrar á um frumkvæðisskyldu Landmælinga Íslands til að framkvæma mælingar og gefa út grunnkort a. m. k. í mælikvarðanum 1:25000 og tryggja reglulega endurskoðun þeirra í samræmi við möguleika nýrrar mælingatækni og niðurstöður nýrra mælinga.

4. Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um fjármögnun Landmælinga Íslands. Af ákvæðum kaflans mætti ætla að ekki væri ætlast til að Landmælingar fengju önnur framlög á fjárlögum en þau sem fást af stimpilgjöldum af seldum kortum og afnotum af gögnum stofnunarinnar. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs dregur í efa að miðað við það grundvallarverkefni, sem Landmælingum er ætlað, fáist viðunandi fjárhagsgrundvöllur fyrir landmælingarnar án beinna framlaga úr ríkissjóði. Að öðrum kosti hljóta kort á Íslandi að verða óeðlilega dýr fyrir almennan kaupanda. Samtímis því yrði mikil hætta á að misbeitt yrði heimildarákvæði 11. gr. frumvarpsins til að hafna umsókn um afnot af gögnum stofnunarinnar ef hún telur hættu á tekjusterðingu af eigin útgáfustarfsemi. Leggur framkvæmdanefndin til að í 12. gr. komi almennt ákvæði um „framlög á fjárlögum eins og ákveðið sé á fjárlögum hverju sinni“ til viðbótar þeim tekjustofni sem markaður er í greininni.

Að teknu tilliti til þessara ábendinga leggur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins eindregið til að lög um Landmælingar verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllt,  
f. h. framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins,  
Vilhjálmur Lúðvíksson.  
(sign.)

## Fylgiskjal II.

### UMSÖGN VERKFRÆÐI- OG RAUNVÍSINDAEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 18. mars 1985.

Til samgöngunefndar  
neðri deildar Alþingis.

Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands hefur borist frumvarp til laga um Landmælingar Íslands til umsagnar (Nd., 289. mál).

Sú skoðun virðist ríkjandi í deildinni að auk þess sem talið er í 1.—6. lið 5. greinar frumvarpsins skuli hlutverk Landmælinga Íslands einkum vera að móta stefnu og veita upplýsingar um hina margvíslegu þætti er varða verksvið stofnunarinnar.

Við 5. gr. frumvarpsins þyrfti að okkar áliti að bæta eftirfarandi grein á eftir 1. tölulið: Útgáfa staðla og reglna um mælingar og kortagerð og söfnun gagna um mælingar og kort sem gerð eru af Íslandi. Nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Þá teljum við rétt að 7. töluliður 5. greinar falli brott. Liðurinn er of óljós og virðist veita ráðherra á hverjum tíma of víðtækt vald í málum Landmælinga Íslands.

Í 6. og 7. grein frumvarpsins eru ákvæði um áætlanir og skilaskyldu. Nauðsynlegt er að tryggja það með einhverjum hætti að þeir sem kunna að fást við landmælingar, myndatöku, kortagerð og útgáfu korta geri slíkt með vitund og samþykki Landmælinga Íslands og skili stofnuninni þeim gögnum sem nefnd eru í 6. og 7. grein frumvarpsins.

Þá telur deildin eðlilegt að stofnuninni sé sett stjórn, t. d. þriggja eða fimm manna, skipuð fulltrúum helstu viðskipta- og hagsmunaaðila t. d. Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar, rannsóknastofnana atvinnuveganna og Háskóla Íslands, og formaður skipaður af ráðherra.

Þá telur deildin fjármögnun Landmælinga Íslands í frumvarpinu ófullnægjandi og nauðsynlegt sé að stofnunin fái fleiri tekjustofna svo að hún megi lifa og dafna. Helst virðist koma til greina að stofnunin fái fasta fjárveitingu til að standa undir hluta af rekstrinum.

Ef þetta frumvarp verður að lögum þarf vafalaust að endurskoða og auka þau lög innan fárra ára. Ástæður þess eru m. a. ör þróun fjarkönnunar úr flugvélum, geimförum og gervihnöttum. Þá mun kortagerð hér á landi án efa aukast og verða fjölbreyttari á næstu árum.

Virðingarfyllt,

Þorleifur Einarsson (sign.),  
deildarforseti verkfræði-  
og raunvísindadeildar.

### Fylgiskjal III.

## UMSÖGN RAUNVÍSINDASTOFNUNAR HÁSKÓLANS

Til samgöngunefndar  
neðri deildar Alþingis.

**Málefni:** Frumvarp til laga um Landmælingar Íslands.

### 1. Skipulag L. Í.

Athugandi er hvort ekki er rétt að auk forstjóra sé stjórn sem væri t. a. m. skipuð þremur mönnum, einum frá Vegagerð ríkisins, einum frá Orkustofnun og einum frá verkfræði- og raunvísindadeild H. Í.

### 2. Verkefni.

Auk þess sem talið er í 1.—6.lið 5. greinar frumvarpsins skal hlutverk L. Í einkum vera að móta stefnu og veita upplýsingar um hina margvíslegu þætti er varða verksvið stofnunarinnar. Þess vegna væri til bóta að bæta eftirfarandi grein inn í 5. grein frumvarpsins, t. d. á eftir 1. tölulið: Útgáfa staðla og reglna um mælingar og kortagerð og söfnun gagna um mælingar og kort sem gerð eru af Íslandi. Nánar yrði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Rétt þykir að 7. töluliður 5. greinar falli niður. Hann er óljós og gæti veitt ráðherra óþarflega mikil völd varðandi L. Í.

Meginviðfangsefni L. Í eru landmælingar, loftmyndataka og gerð uppdráttar af Íslandi. Nauðsynlegt er að semja og birta reglur um hnitakerfi, blaðskiptingu korta, samræmda mælikvarða og skráningu, skil og miðlun upplýsinga er þetta varðar. Á alþjóðavettvangi hefur verið unnið að ýmiss konar samræmingu og stöðlun í kortagerð, m. a. á vegum S. P., og er sjálfsagt að vinna meira að því hér en gert hefur verið.

Í 6. og 7. grein frumvarpsins eru ákvæði um áætlanir og skilaskyldu. Nauðsynlegt er að tryggja það með einhverjum hætti að þeir sem kunna að fást við landmælingar, myndatöku, kortagerð og útgáfu korta geri slíkt með vitund og samþykki Landmælinga Íslands og skili stofnuninni þeim gögnum sem nefnd eru í 6. og 7. grein frumvarpsins.

### 3. Fjármögnun.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir m. a. um V. kafla: „Kortagerðarstefna (sic) í nágrannalöndum okkar er sú að styrkja kortagerðarstofnanir sínar og gera þær sem sjálfstæðastar fjárhagslegar einingar...“.

Kortagerðarstefnu vantar hér á landi en hún gæti komið fram í áætlunum L. Í. í framtíðinni, sbr. 9. gr. frv. En samanburður við önnur norræn lönd, einkum það hvernig kortagerðarstofnanir þar afla fjár til starfseminnar, er varla raunhæfur og þar með 12. grein frumvarpsins. Höfuðástæða þess er hinn mikli munur sem er á mannfjölda á Íslandi og í nágrannalöndunum og þar með munur á markaði. Önnur ástæða er sú að Landmælingar Íslands skortir nú tæki, húsnæði, sérhannaðar geymslur fyrir filmur o. þ. h. og sérmenntað starfslíð til þess að rækja hlutverk sitt eins og þyrfti. Það er varla nokkur von til þess að stofnunin geti aflað þess fjár sem þarf til þess og þar að auki staðið undir kostnaði við loftmyndaflug, endurskoðun korta, gerð og útgáfu nýrra kortaflokka og viðbótarstarfsemi sem nauðsynleg er í náinni framtíð. Slík viðbótarstarfsemi er m. a. tiltekin í frumvarpinu, aðallega í 5.—9. grein. Þar við bætast mælingar og tækjakaup vegna þeirra sem hljóta að koma til sögunnar hér á landi eins og annars staðar, t. a. m. mælingar á hitastigi og

hafstraumum, radarmælingar og mælingar með fjölbylgjuskönnum sem kort eru síðan gerð eftir.

Af þessum ástæðum verða fjárveitingar úr ríkissjóði einnig að koma til auk gjalda sem nefnd eru í 11. og 12. grein frumvarpsins.

Ef þetta frumvarp verður að lögum lítið breytt þarf að endurskoða og auka þau lög innan fárra ára. Ástæður þess eru m. a. ör þróun fjarkönnunar úr flugvélum, geimförum og gervihnöttum. Þá mun kortagerð hér á landi án efa aukast og verða fjölbreyttari á næstu árum.

Virðingarfyllt,  
f. h. stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans.

Gylfi Már Guðbergsson (sign.),  
forstöðumaður jarðfræðastofu R. H.

#### Fylgiskjal IV.

### UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Í athugasemdum höfunda frumvarpsins kemur fram sú skoðun þeirra að meginmarkmið frumvarpsins sé að lögfesta starfsgrundvöll stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er. Mest um vert sé að fá tilveru og hlutverk stofnunarinnar staðfest með lögum.

Undirritaðir fagna því að fram skuli komið frumvarp um landmælingar á Íslandi en álíta að nauðsynlegur undanfari slíkrar lagasetningar árið 1985 hljóti að vera ítarleg og fagleg úttekt sérfróðra manna á málefnum Landmælinga Íslands með tilliti til breytinga og umbóta á starfsemi stofnunarinnar.

Að mati undirritaðra er verulegra breytinga og umbóta þörf og þarfnast eftirfarandi þættir m. a. faglegrar umræðu eða úttektar:

1. Mat á nauðsyn einstakra verkþátta í starfsemi Landmælinga Íslands og faglegt mat á framkvæmd þeirra þátta sem taldir eru nauðsynlegir.
2. Gagnasöfnunarhlutverk Landmælinga Íslands og hvernig því hlutverki verði best fyrir komið á tölvuöld með tilliti til gagnabanka.
3. Hugmynd um lagasetningu fyrir Landmælingar Íslands í ljósi niðurstaðna úr liðum 1 og 2 með tilliti til framtíðar þeirra en ekki til að viðhalda skipulagi sem gildi 1960. Enn fremur með tilliti til þeirrar staðreyndar að Landmælingar Íslands ættu að vera **verkfræðistofnun**.
4. Annað.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt og með hliðsjón af umræddu lagafrumvarpi vilja undirritaðir koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við einstakar greinar þess.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

Um 2. grein.

Í frumvarpi til laga um landmælingar, sem lagt var fram á 100. löggjafarþingi 1978, var lagt til að landmælingastjórn færi með yfirstjórn Landmælinga Íslands, sbr. kafla II, grein 3 og 4. Ástæða þess, að svo var lagt til, var sú að talið var að slík stjórn, skipuð fulltrúum þeirra aðila sem með landmælingar hefðu að gera, hefði besta yfirsýn yfir þarfir landsins fyrir landmælingar og kortagerð á hverjum tíma eða eins og segir í 3. grein þessa frumvarps

frá 1978: „Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra sem vinna að landmælingum.“

Undirritaðir álíta að stjórn Landmælinga Íslands sé best komin undir slíkri landmælingastjórn, þó svo að daglegur rekstur verði í höndum forstjóra sem ætti að vera mælingaverkfræðingur. Menntunarákvæði forstjórans vantar tilfinnanlega í núverandi frumvarp.

Um 5. grein.

1. liður.

Í skýringum höfunda frumvarpsins segir að umfangsmesta verkefni Landmælinga Íslands séu landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar til kortlagningar. Þá segir einnig í athugasemdum þeirra að ekki sé gert ráð fyrir neinum veigamiklum breytingum á starfsháttum né verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er eins og bent var á hér í upphafi.

Til þess að Landmælingar Íslands geti uppfyllt ákvæði þessa liðar þarf að gjörbreyta faglegru starfsemi þeirra frá því sem nú er. Til þess að framkvæma eða hafa umsjón með öllum þeim grundvallarmælingum, eins og höfundar frumvarpsins kjósa að kalla þríhyrninga- og hæðarmælingar sem framkvæmdar eru á vegum hinna ýmsu aðila hvort heldur er til kortagerðar eða annarra nota, þarf að stórauka faglegt starfslið stofnunarinnar.

Það er skoðun undirritaðra að 1. liður 5. greinar ætti heldur að taka til samræmingarþáttar Landmælinga Íslands, þ. e. að sjá til þess að þeir aðilar, sem við grundvallarmælingar fást, fari eftir reglum og stöðlum um mælingar, þ. e. um lágmarksnákvæmni í mælingum, samræmd hnita- og hæðarkerfi, mælikvarða uppdrátta, hæfisskilyrði mælingarmanna o. s. frv.

Þá vilja undirritaðir benda á að mestur hluti allra grundvallarmælinga frá árinu 1956 hefur verið framkvæmdur af öðrum en Landmælingum Íslands. Mælingar þessar hafa verið gerðar m. a. vegna kortagerðar og framkvæmda við byggingu orkuvera og lagningu vega.

2. liður.

Í athugasemdum höfunda kemur fram að þar sem Landmælingar Íslands hafi um árabíl ljósmyndað landið úr lofti, til kortlagningar og ýmissa rannsókna sé edlilegt að þetta verkefni stofnunarinnar verði fest í lög. Þá segir þar enn fremur: „Er stofnunin eini aðilinn sem annast hefur töku loftljósmynda í þágu landmælinga og kortagerðar.“ Að mati undirritaðra er þetta rangt. Bandaríkjamenn mynduðu allt landið úr lofti á árunum 1945 og 1960. Þær myndir eru enn þann dag í dag notaðar til kortagerðar.

Undirritaðir eiga erfitt með að sjá nauðsyn þess, og það árið 1985, að lögfesta þurfi einokunaraðstöðu opinberrar stofnunar á ákveðnum tæknilegum og verkfræðilegum verkefnum. Þar með er loku fyrir það skotið að hagsmunaaðilar geti leitað eftir þessari þjónustu annars staðar frá og fengið þar með samanburð á þjónustu og verði. Í þessu sambandi vilja undirritaðir vísa til annarra landa, svo sem Danmerkur, Svíþjóðar, Pýskalands, Bandaríkja-anna og víðar, þar sem þessi þjónusta er í höndum einkaaðila að einhverju eða öllu leyti.

3. liður.

Undirritaðir eru sama sinnis varðandi ákvæði þessa liðar og þess sem sagt var um lið 2 hér á undan, þ. e. þeir sjá ekki að það þjóni almannaheill að setja lög sem tryggja ríkisstofnun einokun á ákveðnum verkefnum.

Á það skal bent í þessu sambandi að s. l. 30 ár hafa einkaaðilar séð um nánast alla kortagerð sem framkvæmd hefur verið í landinu. Á þessum tíma hafa þessir aðilar komið sér upp dýrum og sérhæfðum tækjabúnaði og þjálfað sérmenntað starfsfólk.

Hins vegar dregur enginn í efa samræmingarhlutverk Landmælinga Íslands hvað varðar almenna kortagerð, með tilliti til útgáfu á reglum og stöðlum sem kveða á um mælikvarða, kortablaðskiptingu, kortvarpanir og annað sem lýtur að kortagerð.

4., 5., 6. og 7. liður.

Það er álit undirritaðra að það þurfi að fara fram ítarleg umræða og faglegt mat á nauðsyn og notagildi einstakra verkþátta í starfsemi Landmælinga Íslands áður en til lagasetningar kemur. Þetta á ekki síst við um liði 4, 5, 6 og 7 og má í því sambandi nefna sem dæmi:

1. Atlasblöð í mkv. 1:100000.

Vafasamt er að það borgi sig að viðhalda og endurskoða þessi kort sem unnin eru með tækni frá síðustu aldamótum að hluta.

2. AMS - kort í mkv. 1:50000.

Hvernig er fyrirhugað að endurskoða þessi kort sem teiknuð eru og gefin út af Defence Map Agency í Washington í Bandaríkjunum?

3. Fjórðungsblöð í mkv. 1:250000.

Hvað um endurskoðun þessara korta?

4. Myndkort í mkv. 1:10000 (ortofotokort).

Vafasamt er að þessi kortagerð hafi skilað þeim árangri sem til var ætlast í upphafi. Mjög fáar opinberar stofnanir hafa getað nýtt sér þau að einhverju marki. (Þetta á við um RALA, Orkustofnun, Skipulag ríkisins o. fl.)

Í ljósi ofangreindra dæma álit undirritaðir það varasamt að binda í lög hin og þessi ákvæði án tillits til notagildis þeirra.

Um 6. grein.

Það er skoðun undirritaðra að stjórnun og samræming á fjármagni og mannafla í landmælingum sé nauðsynleg og landmælingastjórn, sbr. það sem sagt var um 2. grein, sé hinn rétti aðili til þess.

Um 7. og 10. grein.

Ekki er óeðlilegt að niðurstöðum mælinga verði skilað inn til Landmælinga Íslands en umrædd skilaskylda á gögnum er angi á stærri meiði og náskyld innihaldi greina 8 og 11.

Enn þá einu sinni vilja undirritaðir benda á nauðsyn faglegrar umfjöllunar á einstökum verkþáttum í starfsemi Landmælinga Íslands áður en þeir eru bundnir í lögum. Þannig hlýtur t. d. að þurfa að gera ákveðnar faglegar kröfur til þeirra gagna sem á að skila og meta hverju sinni, hvað er nothæft og hvað ekki. Þetta kallar á aukna sérhæfða starfskrafta.

Hafa t. d. Landmælingar Íslands húsnæði, mannafla og tækjabúnað til þess að taka við og varðveita það sem til fellur af gögnum? Eru það eitt og tvö tonn af pappír á ári? Er fyrirhugað að láta bókasafnsfræðinga hafa reiður á gögnunum? Hvað með gagnabanka og tölvuvæðingu hér að lútandi? Þessi atriði ásamt mörgum öðrum þarf að ræða af fagmönnum áður en til lagasetningar kemur.

Í 10. grein er kveðið á um höfundarrétt þannig að Landmælingar Íslands eigi óskoraðan og ótímabundinn rétt á öllu efni sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út...

Ekki kemur fram af orðalagi þessarar greinar hvort umræddur höfundarréttur nær til gagna sem aðrir hafa skilað til Landmælinga Íslands, sbr. 7. grein. Sé svo er það algerlega óaðgengilegt að mati undirritaðra.

Um 8. og 11. grein.

Ákvæði 8. greinar tekur til upplýsingaskyldu L. Í. og aðgangs að gögnum í vörslu stofnunarinnar. „Skulu um það settar reglur síðar.“ Það er skoðun undirritaðra að séu ekki skýlaus ákvæði fyrir hendi um aðgang að gögnum sem stofnuninni eru falin til vörslu muni verða mikill misbrestur á því að gögnum verði skilað inn.

Hvað varðar 11. grein er hún nánast sama eðlis og 8. grein nema hvað bætt hefur verið inn neitunarvaldi fyrir L. Í. Ekki er ljóst hvort það vald nær til gagna sem aðrir hafa skilað til Landmælinga Íslands eða ekki. Hvort heldur sem er er það lítt skiljanlegt sjónarmið sem kemur fram í greininni.



Undirritaðir leggja til að greinar 8 og 11 verði sameinaðar í eina grein sem kveður á um skýlausan aðgang að öllum gögnum stofnunarinnar og afnot þeirra.

Um 12. grein.

Í athugasemdum með þessari grein, á bls. 6, er vitnað til danskra laga um stimpilgjald frá 1929. Þessi lög eru mjög umdeild í Danmörku nú og vegna breyttrar og nýrrar tækni við varðveislu gagna. Þannig hafa verið rekin nokkur mjög undarleg mál fyrir dómstólum þar sem ein opinber stofnun lögsækir aðra fyrir nýtingu gagna sem greidd hafa verið með almannafé.

Að lokum vilja undirritaðir benda á að samræmingarhlutverk Landmælinga Íslands komi ekki nægilega fram í frumvarpinu, né heldur hafi farið fram faglegt mat á nauðsyn ýmissa verkþátta Landmælinga Íslands og komi það greinilega fram í umræddu frumvarpi.

Þá vilja undirritaðir benda á þá staðreynd að landmælingar eru verkfræði. Teiknun korta eftir loftmyndum og allt sem því fylgir er verkfræði. Kortagerð er verkfræði. Því sjáum við ekki nauðsyn þess að tryggja með lagasetningu einkarétt ríkisins á þessu sviði frekar en á öðrum sviðum verkfræðinnar.

Því fara undirritaðir þess á leit að þessar athugasemdir verði teknar til greina og lýsa sig reiðubúna til faglegrar umfjöllunar um landmælingar og kortagerð á Íslandi með tilliti til lagasetningar fyrir Landmælingar Íslands sem eiga við árið 1985 og næstu framtíð.

Guðmundur Björnsson (sign.), Baldur Jóhannesson (sign.), Jón Þór Björnsson (sign.),  
mælingaverkfræðingur. mælingaverkfræðingur. mælingaverkfræðingur.

Haukur Pjetursson (sign.),  
mælingaverkfræðingur.

Friðrik Adolfsson (sign.),  
mælingaverkfræðingur.